



**Íþróttasvæði í Vetrarmýri og útivistarsvæði í Smalaholti - deiliskipulag**
**Forkynning 22.01.2025**

Ráðgjafar:
Landslag: skipulag
Efla: götur, vegir og ofanvatn
Snorri Vilhjálmsson: golfvallarhönnun

LANDSLAG

**Ráðgjafar:**
Landslag
Snorri Vilhjálmsson golfvallarhönnuður
Efla (gatnahönnun og ofanvatn/flóðahætta)

**Samráðsfundir:**

- Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar
- Skógræktarfélag Garðabæjar
- Stjarnan
- Kópavogsbær
- Umhverfisstofnun
- Veitur




Mörk deiliskipulagsvæðisins merkt á gildandi aðalskipulagi




Mörk deiliskipulagsvæðisins merkt á loftmynd

# Forsendur

Rammaskipulag fyrir Vífilsstaðaland með breyttri afmörkun golfvallar og skógræktarsvæðis.
Breytt lega Vífilsstaðavegar/Elliðavatnsvegar að Kjóavöllum




**MYND 20** Yfirlitsmynd yfir skipulagssvæðið, landnotkun og helstu kennileiti.

# Markmið

- gera deiliskipulag fyrir svæðið til samræmis við gildandi aðalskipulag
- Skerpa á umferðartengingum vestan og norðan Vífilsstaðavatns
- Breytt afmörkun golfvallar en áfram af svipaðri stærð og verið hefur
- Skógurinn í Smalaholti sem útivistarskógur
- Samþætta þessi tvö svæði, skóg og golfvöll
- Nánari útfærsla á stígakerfi og reiðleið á svæðinu

**Helstu viðfangsefni:**

- Vegir, götur og stígar:
  Vífilsstaðavegur/ Elliðavatnsvegur/ Flóttamannavegur
  Vorbraut við Þorrasali
  Stígar og undirgöng
  Reiðstígur

- Mörk golfvallar og útivistarskógar
- Skipulag golfvallar í Vetrarmýri /nýtt áhaldahús
- Skipulag útvistarskógar í Smalaholti
- Íþróttasvæði við Miðgarð
- Flóðahætta / ofanvatn
- Náttúrugarður norðan Vífilsstaðavatns
- Endurskoðun friðlýsingarmarka Vífilsstaðavatns

Skógræktarfélag Garðabæjar

Svæðin · Verkefni · Um félagið · Hafa samband

### Upphaf Skógræktarfélagsins

Skógræktarfélag Garðabæjar var stofnað 24. nóvember 1988 af áhugasömum bæjarbúum um ræktun og útivist. Félagið er eitt aðildarfélaga í Skógræktarfélagi Íslands. Smalaholtið, norðan Vífilsstaðavatns var fyrsta svæðið sem félagið fékk til skógræktar en holtið var þá berangur með stórum rofabörðum sem erfitt er að sjá fyrir sér á göngu um svæðið í dag. Í þá daga gekk sauðfé um holtið vor og haust, úr fjárhúsaborg í Kópavogi, þar sem kirkjugarðurinn er nú. Skógræktarfélagar þurftu því að stugga við fénu sem beit ofan af smáplöntunum. Árið 1994 fékk félagið Sandahlíð ofan Kjóavalla til yfirráða til skógræktar og þar þurfti einnig að reka sauðfé sem var þar á beit frá Vatnsendabýlinu. Sandahlíðin var þá illa farin, gróður víða rofinn með djúpum vatnsfarvegum niður hlíðina og áberandi rofabörð. Í dag eru þessi svæði vaxin skógi með göngustígum, bekkjum, grillaðstöðu og leiktækjum, öllum til yndisauka.



Gróðursetning í Smalaholti í maí 1988.

Skógræktarfélagið fékk mikinn meðbyr bæjarbúa strax í upphafi, þar sem flest félagasamtök í bænum þáðu að taka land í fóstur, hittast í Smalaholti og setja niður tré í reitina sína. Félögin heimsækja reglulega skógarreitina og t.d. gróðursettu Kvenfélagskonur í sumar trjáplöntur í reitinn sinn til að kolefnisjafna ferð félagsins til Edinborgar. Einnig hafa margir einstaklingar og fjölskyldur tekið svæði í fóstur.

Landsátak í Landgræðsluskógum hófst 1990 í Smalaholti, með þátttöku fjölda fólks ásamt frú Vigdísi Finnbogadóttur forseta sem gróðursettu fyrstu birkiplönturnar í átakinu á landsvísu. Með þátttöku Skógræktarfélagsins í þessu merka verkefni fengust úthlutaðar skógarplöntur til gróðursetningar sem félagið meðal annars úthlutaði til félaga sem voru með reiti.



Frú Vigdís Finnbogadóttir gróðursetur fyrstu plöntuna í Smalaholti.

**Göngustígar í Smalaholti og Sandahlíð**

Útivist í bæjarlandinu hefur aukist með árunum og hefur Skógræktarfélagið staðið fyrir lagningu göngustíga í Smalaholti og Sandahlíð til að auðvelda íbúum að njóta útivistar í fjölbreyttu og fallegu umhverfi. Þá hefur verið komið fyrir bekkjum meðfram stígum og veglegir áningarstaðir reistir í Smalaholti og í Sandahlíð með grillaðstöðu og leiktækjum. Meðfram stíg í vestanverðu Smalaholti hefur verið plantað fjölbreyttum trjám sem merkt hafa verið með nöfnum þeirra til fróðleiks og fræðslu. Árið 2013 gaf félagið út útivistarkort með yfirliti yfir stíga á skógræktarsvæðunum. Kortið er aðgengilegt við aðkomu í Smalaholt og Sandahlíð ásamt skilti með korti af svæðunum og á www.skoggb.is. Einnig er hægt að finna kort af svæðunum á kortavef Garðabæjar.

**Stutt ágrip af sögu GKG frá 1994-2016**

**Ágripið er byggt á ca 100 bls. handriti sem var tekið saman fyrir nokkrum árum og er geymt hjá framkvæmdastjóra GKG og á Héraðsskjalasafni Kópavogs.**

## 1. Forverar GKG

Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar, GKG, varð til við sameiningu tveggja golfklúbba, Golfklúbbs Garðabæjar og Golfklúbbs Kópavogs.

**Golfklúbbur Garðabæjar.**

Stofnfundur Golfklúbbs Garðabæjar var haldinn í Garðalundi 17. apríl 1986. Formaður var kosinn Björn Ólsen. Undir forystu hans var strax hafin leit að landi sem nota mætti undir golfvöll. Vífilstaðatúnin þóttu henta best vegna veðursældar og nálægðar við byggðina. Eftir langar og erfiðar viðræður við stjórnendur ríkisspítalanna náðist samkomulag um afnot af landinu.

Kjartan Borg var kosinn formaður klúbbsins 1989. Finnur Jónsson tók við formennsku 1992.



*Vorið 1990 var keyptur gamall notaður söluskáli og fluttur á völlinn þar sem hann stóð til vorsins 2015 er hann varð að víkja fyrir núverandi íþróttamiðstöð. Hér má sjá skálann nýfluttan á staðinn. Golfskálinn breytti miklu fyrir félagsstarf í Golfklúbbi Garðabæjar.*

**Golfklúbbur Kópavogs**

Stofnfundur Golfklúbbs Kópavogs var haldinn 2. júlí 1990 í Félagsheimili Kópavogs. Þorsteinn Steingrímsson var einróma kjörinn formaður klúbbsins.

Veturinn 1991-1992 fékk klúbburinn aðstöðu til æfinga og kennslu í kjallara Sundlaugar Kópavogs.

Klúbburinn vann að því að fá land undir golfvöll í austurhluta Fossvogsdals en samdi við Golfklúbb Garðabæjar um að Vífilsstaðavöllur yrði heimavöllur Golfklúbbs Kópavogs fyrst um sinn.

Golfvöllur í Fossvogsdal var samþykktur á fundi bæjarstjórnar Kópavogs 22. júní 1993. Næsta skref var að breyta aðalskipulagi og koma inn litlum níu holu golfvelli í dalnum. Mikil andstaða var við golfvöll í Fossvogsdal og Samtökin ***Líf í Fossvogsdal*** afhentu bæjaryfirvöldum Kópavogs undirskriftarlista 3.439 íbúa í Reykjavík og Kópavogi gegn tillögu um golfvöll í dalnum.

**Erfiðleikar hjá báðum klúbbunum 1993**

Golfklúbbur Garðabæjar hafði rekið níu holu golfvöll á á túnunum í Vetrarmýri frá árinu 1989. Fullborgandi félagar voru um 250 manns. Búið var að samþykkja skipulag 18 holu golfvallar í Vetrarmýri og semja við Jan Sederholm um hönnum vallarins.

Fjármögnun byggingar 18 holu vallar og allra þeirra nauðsynlegu framkvæmda sem fylgdu var óleyst verkefni. Þrátt fyrir fjárstuðning bæjarstjórnar Garðabæjar var ljóst að hann myndi vart duga. Þá var ákveðið að leita sameiningar við Golfklúbb Kópavogs.

Haustið 1993, þegar stefndi í að ekkert yrði af golfvelli í Fossvogsdalnum, höfðu hafist óformlegar viðræður á milli klúbbanna um hugsanlega sameiningu.

## 2. Stofnun GKG 24. mars 1994

Formlegar viðræður um sameiningu Golfklúbbs Garðabæjar og Golfklúbbs Kópavogs hófust í desember 1993. Í þeim tóku þátt fulltrúar klúbbanna og fulltrúar bæjarstjórna Garðabæjar og Kópavogs. Viðræðurnar leiddu fljótt til niðurstöðu. Á stofnfundi Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar (GKG) sem haldinn var í Garðalundi 24. mars 1994 var samþykktur samningur á milli bæjarstjórna Garðabæjar og Kópavogs annars vegar og hins nýstofnaða klúbbs hins vegar. Áður höfðu báðir klúbbarnir samþykkt að sameinast í einn klúbb og einnig samþykkt samninginn. Samningurinn fól í sér að bæði sveitarfélögin legðu fram jafnmikið fé til uppbyggingar á 27 holu golfvelli, golfskála, æfingaaðstöðu, áhaldahúsi, bílastæðum og öllu öðru sem talið væri nauðsynlegt fyrir golfaðstöðu í besta gæðaflokki.

Mikil ánægja var með samninginn við sveitarfélögin og bjartsýni ríkti á meðal félagsmanna í hinum nýstofnaða GKG. Finnur Jónsson var kosinn formaður og á fundinum voru enn fremur samþykkt lög klúbbsins sem öðluðust þá þegar gildi.

# Golfklúbbur Garðabæjar (og Kópavogs) og Skógræktarfélag Garðabæjar eiga bæði tæplega 40 ára sögu á svæðinu



Leirdalsop á mörkum Garðabæjar og Kópavogs



Leirdalsop á mörkum Garðabæjar og Kópavogs



Golfvöllur í Vetrarmýri og Skyggnisholt



Golfvöllur og Miðgarður í Vetrarmýri




Elliðavatnsvegur í núverandi legu






Hæðarlega lands á svæðinu

LANDSLAG




Svæði sem getur farið undir vatn í leysingaflóðum




Mörk deiliskipulagsvæðisins




Deiliskipulagsuppdráttur – tillaga til forkynningar




Skýringaruppdráttur – golfvöllur og náttúrugarður við Vífilsstaðavatn



Elliðavatnsvegur færist frá Vífilsstaðavatni
Náttúrugarður milli friðlands og vegar í breyttri legu






Skýringaruppdráttur –náttúrugarður við Vífilsstaðavatn




Skýringaruppdráttur á loftmynd– golfvöllur og náttúrugarður við Vífilsstaðavatn




Skýringaruppdráttur – útivistarskógur í Smalaholti




Skýringaruppdráttur á loftmynd – útivistarskógur í Smalaholti

## Náttúruleg leiktæki sem falla vel inn í umhverfið





Kjarnaskógur



Kjarnaskógur



Kjarnaskógur



Kaupmannahöfn









Vorbraut við Þorrasali

Tölur nýtingarhlutfalls eru uppfærðar í samr
við greinargerð.
Settjörn bætt við vestan Þorraholts.Texta ur
hljóðvarnir bætt við.
Aðalskipulagsuppdráttur er uppfærður.
Deiliskipulagsmörkum er breytt litillega í san
við ofantaldar breytingar.
Lóðamörk færð út fyrir snúningshausa í Þorr






Snið úr forkynningudeiliskipulags Hnoðraholts -norður:




Snið í samþykktu deiliskipulagi Hnoðraholts -norður:




Vorbraut við Þorrasali:
Nauðsynlegt að rýna legu Vorbrautar í skipulagi Hnoðraholts - norður




Gildandi deiliskipulag: Vorbraut í stokk eða lega endurskoðuð við deiliskipulag golfvallar

**Tillaga að Vorbraut við Þorrasali:**

6,5 m breiður vegur (Öldusalir eru 7m)
Hámarkshraði 40 km, ein akrein í hvora átt
Minnsta fjarlægð frá húsum í Þorrasölum: 50 metrar
Landmótun með hljóðmönum milli Vorbrautar og lóða
Möguleiki á trjágróðri í hljóðmönum

Í deiliskipulagi Þorrasala er gert ráð fyrir hljóðskerm
á lóðarmörkum


















GOLFVÖLLUR GKG
DEILISKIPULAG

Garðabær - Vetrarmýri og Smalaholt

Deiliskipulag íþrótta- og útivistarsvæðis

Snið Þorrasali 5-7 og 9-11

| | | | |
|---|---|---|---|
| KVARÐI-A1: | 1:200 | TEIKN NR: | 104 |
| DAGS: | 16.01.2025 | HANNAÐ: | þh |
| FLOKKUR: | 1300-gard_A | TEIKNAÐ: | hn/er |
| SKRÁ: | 22055-DSK.dwg | VERKNR: | 22055 |

LANDSLAG







X:\0-VERK

DEILISKIPULAG - 1:300

GOLFVÖLLUR GKG
DEILISKIPULAG

Garðabær - Vetrarmýri og Smalaholt

Deiliskipulag íþrótta- og útivistarsvæðis

Snið Miðgarður í Vetrarmýri

| | | | |
|---|---|---|---|
| KVARÐI-A1: | 1:250 | TEIKN NR: | 105 |
| DAGS: | 16.01.2025 | HANNAÐ: | þh |
| FLOKKUR: | 1300-gard_A | TEIKNAÐ: | hn/ør |
| SKRÁ: | 22055-DSK.dwg | VERKNR: | 22055 |

LANDSLAG



Tillagan er aðgengileg á vef Garðabæjar, www.gardabaer.is
og á vef Skipulagsgáttar, www.skipulagsgatt.is (mál 8172025)

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á
að senda inn rafrænar ábendingar til og með 24. febrúar 2025
Í gegnum vef Skipulagsgáttar, www.skipulagsgatt.is
eða á netfangið Skipulag@gardabaer.is
Ábendingum við forkynningartillögu er ekki svarað skriflega,
en þær hafðar til hliðsjónar við úrvinnslu tillögu til formlegrar auglýsingar